

Föstudaginn 26. nóvember 1982.

Nr. 31/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Braga Sigurði Guðmundssyni

(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Ágrip málskjala barst Hæstarétti 26. apríl 1982.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, er fullt nafn hans Bragi Sigurður Guðmundsson.

Af hálfu ákærvalds var lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis frá Atlavík til Egilsstaða, eins og lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði gerst brotlegur við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Ekki þykir í ljós leitt, að þessi akstur ákærða geti talist refsilaus samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bragi Sigurður Guðmundsson, greiði allan

kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 2. desember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 2. desember, er í sakadómi Neskaupstaðar, sem háður er í skrifstofu embættisins af Þorsteini Skúlasyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 6/1981: Ákærvaldið gegn Sigurði Braga Guðmundssyni, sem tekið var til dóms mánudaginn 30. nóvember sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. júní 1979, á hendur ákærða, „Sigurði Braga Guðmundssyni verkstjóra, Melagötu 2 í Neskaupstað, fæddum 3. febrúar 1958, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni N 87 frá Atlavík í Hallormsstaðaskógi til Egilsstaða, þar sem ákærði staðnæmdist við lög-reglustöðina.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu Einars Rafns, lögregluvarðstjóra á Egilsstöðum, kom ákærði, Sigurður Bragi Guðmundsson, á lögregluvarðstofuna á Egilsstöðum um kl. 0400 aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 þeirra erinda að kæra líkamsárás. Hafði ákærði komið akandi á bifreiðinni N 87 frá Atlavík. Hafi ákærði verið greinilega undir áhrifum áfengis og hafi hann verið færður á heilsugæslustöðina á Egilsstöðum til töku blóðsýnis.

Ákærði hefur fyrir rétti viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni N 87 frá Atlavík til Egilsstaða aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 eftir að hafa neytt áfengis ca þrem tímum fyrir aksturinn, en kveðst eigi hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Ákærði kveðst eigi hafa neytt áfengis, frá því að akstri lauk og þar til honum var tekið blóðsýni.

Í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða í umrætt sinn, mældist áfengismagn í blóði 1.44%.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin framburði ákærða og skýrslu lögreglu, sem allt er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði ók umrædda leið með það miklu vín-andamagni í blóði, að hann telst hafa verið óhæfur til þess að stjórna vélknúnu ökutæki, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Er því aðeins eftir að huga að þeirri varnarástæðu ákærða, að árás sú, er hann kveðst hafa orðið fyrir í Atlavík fyrir aksturinn, geri honum ölvunarakstur þennan refsilausan eða horfi honum til refsilækkunar.

Skipaður verjandi ákærða, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, hefur gert þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að honum verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins, hver svo sem úrslit málsins verði.

Sýknukröfuna byggir hann fyrst og fremst á ákvæðum í 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og telur verjandinn, að laga-greinin eigi beint við um tilvik þetta.

Ákærði hefur skýrt svo frá varðandi líkamsárás þá, sem hann kveðst hafa orðið fyrir og hann ber fyrir sig til sýknu af refsingu fyrir ölvunaraksturinn, að umrædda nótt, um kl. 0215, hafi hann verið á gangi í Atlavík með Sigríði Friðriksdóttur frá Seyðisfirði. Hafi þá Emil Tómasson frá Seyðisfirði veist að sér að óvörum og slegið sig. Hafi tekist nokkrar stimpingar með þeim og hafi Emil rífið báðar ermar af jakka ákærða. Þegar þeir Emil hafi stimpast í ca stundarfjórðung, hafi Stefán Scheving Árnason frá Seyðisfirði einnig veist að sér og hafi hann haldið sér, meðan Emil hafi barið sig. Hafi hann reynt að verja sig og komið að minnsta kosti einu höggi á Emil. Í þessum svifum hafi Emil bitið í þumalfingur vinstri handar sinnar og hafi hlotist af talsverður áverki. Skömmu síðar hafi Emil slegið sig niður einu sinni eða tvisvar í augsyn tjaldstæðisvarðar, er þarna var og hann hafi beðið um að kalla til lögreglu. Hafi hann síðan komist til bifreiðar sinnar og hugðist loka sig þar inni ásamt félagamönnum, Sigurði Steingrímssyni, en þegar hann hafi séð árásmennina sækja að bifreiðinni, hafi hann ekki þorað annað en aka á brott og hafi hann ekið mjög rólega til lögreglu á Egilsstöðum. Þar sem hann hafi verið orðinn verulega vankaður af átökunum, hafi hann ekki séð annan kost en að forða sér á bifreiðinni og í þessu ástandi hafi hann ekki hugsað um það, hvort hann væri

með of mikið áfengismagn í blóði, til þess að hann mætti aka bifreið. Hafi hann ekið beint til lögreglu og engu leynt í sambandi við þennan akstur, sem hafi verið bein afleiðing af árásinni.

Ákærði hefur lagt fram áverkavottorð frá Jóni Karlssyni lækni, er tók úr honum blóðsýni í umrætt sinn. Vottorðið, sem er ódagsett, hljóðar svo: „Kveðst hafa verið bitinn á fingri. 3 sár á þumal fingri vinstri handar, öll fremur grunn en tætt, það lengsta um 2ja cm langt yfir fremsta lið, en hin ca. 1 cm löng. Auk þessa smá hrúfl um fingurinn. Kveðst hafa verið barinn á kjaftinn og kvartar um eymsli við dir. palp. vinstra megin á neðri kjálka, og hreyfingar eru aumar. Tennur eru óbrotnar og bit rétt, og klinískt virðast kjálkar óbrottnir. Finnur fyrir verk í baki neðarlega í mjóhrygg, einkum við hreyfingu.“

Emil Tómasson hefur skýrt svo frá, að hann hafi hitt ákærða í Atlavík aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 og hafi þeir þá farið að rífast um bróður sinn, sem ákærði hafi rekið úr frystihúsinu á Seyðisfirði, þegar hann var verkstjóri þar. Hafi þá Sigurður allt í einu slegið sig hnefahögg í andlit. Hann hafi ekki slegið ákærða að óvörum og ekki bitið hann eða slegið hann niður. Hins vegar kunni að vera, að þeir hafi fallið niður, en ekki eftir högg. Verið geti, að jakki ákærða hafi rifnað í átökunum. Stefán Scheving Árnason hafi einnig tekist á við ákærða þarna, eftir að átökum vitnisins við ákærða lauk. Hann hafi ekki ásamt Stefáni Scheving Árnasyni og fleirum ráðist að bifreið ákærða þarna.

Samkvæmt skýrslu Róberts Róbertssonar lögregluvarðstjóra var Emil Tómasson með sprungna vör, þegar hann gaf skýrslu sína fyrir lögreglu á Egilsstöðum þann 5. ágúst 1978.

Stefán Scheving Árnason hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi lent í slagsmálum við Emil Tómasson, en kveðst ekki hafa séð upphaf átakanna. Hann kveðst ekki hafa veist að ákærða, eftir að slagsmálum hans við Emil lauk. Hann minnir, að eftir að ákærði og Emil hafi verið skildir sundur, hafi ákærði verið áfram á staðnum, en ekki flúið. Hann man ekki, hvernig eða hvenær ákærði fór í burtu af staðnum.

Vitnið Sigurður Steingrímsson kveður ákærða hafa verið sleginn niður oftast en einu sinni af manni, sem það þekkti ekki, og kveður mann þennan hafa bitið ákærða og rifið jakka hans. Vitnið kveður mann þennan ásamt fleirum hafa sótt að bifreið ákærða, eftir að vitnið og ákærði voru sestir inn í hana. Hafi

maður þessi sparkað í bifreiðina, og kveðst vitnið „vera næstum því pottþéttur á því“.

Vitnið Sigríður Friðriksdóttir kveðst líklega hafa verið ölvuð þarna, en man eftir því, að ákærði lenti í átökum við Emil Tómasson, en þorir ekki að fullyrða um það, hvort Emil hafi stofnað til slagsmálanna. Vitnið sá ekki, þegar ákærði ók á brott.

Vitnið Jóhanna Gísladóttir kveðst hafa komið að, þar sem ákærði var að slást við Emil Tómasson, en sá ekki upphaf átakanna. Hún treystir sér ekki til þess að segja, hver sló hvern eða hvernig átökin gengu fyrir sig í einstökum atriðum. Hún kveður ákærða hafa misst billykla sína í átökunum, og einhver bað hana að geyma þá. Fór hún síðan í burtu, en nokkru síðar kom ákærði til hennar og virtist vera æstur og bað um að fá lyklna. Var átökunum þá lokið. Hún vildi ekki afhenda lyklna, en lét undan, þegar ákærði sagðist ætla að tilkynna lögreglu um árásinna.

Hún kveður, að sér hafi fundist slagsmálin harkaleg og fleiri hafi verið með Emil, en ákærði hafi verið heldur í vörn. Hafi Emil haft sig meira í frammi, en ákærði hafi þó ekki fengist til að hætta að slást, en vitnið kveðst ásamt öðrum hafa reynt að koma í veg fyrir frekari slagsmál, en gefist upp á því. Vitnið kveður ákærða hafa verið meiddan á hendi eftir átökin. Vitni þetta kveðst sjálfst hafa verið ölvuð og ekki hafa gert sér fulla grein fyrir atvikum.

Vitnið Zophanías Einarsson, sem kveðst hafa unnið við eftirlit með tjaldstæðum þarna, kveðst hafa komið að tveim mönnum, sem það þekkti ekki, í átökum, en nokkrir menn hafi staðið á lengdar og beðið mennina um að hætta, enn fremur hafi tvær konur verið að biðja mennina um að hætta, en hvorugur manna hafi viljað hætta þrátt fyrir bænastað karla og kvenna.

Vitnið segir, að þarna hafi ekki verið um nein meiri háttar átök að ræða, en átökin hafi lýst sér í því, að mennirnir þrifu hvor í annan og hrintu hvor öðrum. Báðir hafi mennirnir verið drukknir, og annar þeirra dauðadrukinn, en hann hafi í átökunum rífið jakka andstæðings síns á vinstri öxl, og virtist vitninu, að átökin snerust mest um það, að sá í rifna jakkanum vildi fá hann bættan og að tjónvaldur bæði sig afsökunar. Vitninu virtist maðurinn í rifna jakkanum öllu æstari en mótaðili hans. Ekki kveðst vitnið hafa séð, að annar deiluaðilja hafi verið sleginn niður né að þriðji aðili hafi blandað sér í þessi átök.

Vitnið telur, að þegar átökin höfðu staðið í ca 20 mínútur, hafi

maðurinn í rifna jakkanum beðið sig um að kalla í lögreglu um talstöð, sem það hafði aðgang að í bifreið skammt frá átakastaðnum, og kveðst vitnið hafa orðið við þeirri beiðni, eftir að hún hafi ef til vill verið ítrekuð nokkrum sinnum. Þegar vitnið kom aftur á átakastaðinn, var sá í rifna jakkanum farinn, og getur vitnið ekkert sagt um aðdraganda ölvunaraksturs ákærða.

Með vísan til vitnisburða þeirra, sem raktir hafa verið, verður að telja sannað, að ákærði hafi lent í átökum við Emil Tómasson, skömmu áður en hann ók ölvaður frá Atlavík til Egilsstaða, en ekki er ljóst, hvernig átökin hófust. Samkvæmt læknavottorði og öðru, sem fram hefur komið í málinu, virðast meiðsli ákærða ekki hafa verið mikil.

Ekkert hefur komið fram um, að sótt hafi verið svo að bifreið ákærða, þegar hann sat í henni fyrir aksturinn ásamt Sigurði Steingrímssyni, að honum hafi verið nauðugur einn sá kostur að aka bifreiðinni alla leið í Egilsstaði. Einungis ákærði og félagi hans, Sigurður Steingrímsson, hafa borið, að sótt hafi verið að bifreiðinni, og ekki hefur komið fram hjá ákærða, hvorki fyrir lögreglu né dómi, að sparkað hafi verið í bifreiðina. Eini vitnisburðurinn um það er frá félagi ákærða, Sigurði Steingrímssyni, og er með fyrirvara.

Það er og álit dómarsins, að þótt sannað væri, að atvik lægju svo fyrir sem ákærði ber, þá nægði það ekki til þess að sýkna af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt þessu þykir eigi sannað, að ákærði hafi orðið fyrir þannig árás eða að sótt hafi verið þannig að bifreið hans í umrætt sinn, að ákvæði 13. gr. almennra hegningarlaga eigi þar við, né að sýkna beri af öðrum ástæðum af ákæru um ölvunarakstur alla leið frá Atlavík til Egilsstaða, um 30 km leið fram hjá Hallormsstað, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að ákærða hafi verið veitt eftirför, eftir að hann hóf aksturinn.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann eigi áður sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar skv. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengisлага, sbr. lög nr. 52/1978.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæruskjali

og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á máli þessu meðal annars vegna þess, að þurft hefur að rannsaka það í öðrum lögsagnarumdæmum.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Bragi Guðmundsson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.
